

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
níunda starfsárs 2011**

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	5
Inngangur.....	7
Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	7
1. Stjórn og starfsfólk	7
2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur.....	8
3. Fjármál	9
4. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2011	9
4.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2011	10
4.2 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila	10
4.3 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu.....	10
4.4 Rannsóknarborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum.....	11
4.5 Rannsóknir og þróunarverkefni	13
4.5.1 Nýsköpun í opinberum rekstri	13
4.5.2 Könnun á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana.	14
4.5.3 Mat á faglegum ávinningi af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.....	14
4.5.4 Evrópuverkefni EGOV4U eða „Rafrænar lausnir fyrir alla“	14
4.5.5 Þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra	14
4.5.6 Umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir Citizen-centric eGovernment Services	15
4.5.7 Umsókn til 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins.	15
5. Stjórn mála og stjórnsýsla-Veftímaritið -www.stjornmalogstjornsysla.is	16
6. Evrópsk ráðstefna stjórn málafræðinga á Íslandi – ECPR	18
7. Erlent samstarf.....	18
8. Vefir stofnunarinnar	19
Viðauki 1. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála 2011	20
1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar.....	20
2. Stjórn mála, lýðræði og samfélagsleg gildi.	22
3. Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölpjódlegar stofnanir.	23
4. Lagarammi opinberrar starfsemi	23
5. Velferðarmál	23
Viðauki 2. Birtar greinar í vef tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla 7. árg. 2011.	24

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Ársskýrsla níunda starfsárs Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2011 sem hér er birt lýsir kröftugu starfi stofnunarinnar á starfsárinu. Eins og kemur fram í skýrslunni er stofnunin í samstarfi við fjölmarga aðila í starfi sínu að vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórn mála. Hér skulu þrjú þættir sérstaklega nefndir.

Undirbúningur undir ráðstefnu evrópskra stjórn málafræðinga bar einna hæst á starfsárinu en hún var haldin í Háskóla Íslands á vegum Evrópusamtaka stjórn málafræðinga (European Consortium for Political Research-ECPR) í lok ágúst 2011. Umsjón með skipulagningu ráðstefnunnar var á höndum stofnunarinnar í samstarfi við Stjórn málafræðideild HÍ. Um 2500 gestir sóttu ráðstefnuna heim og var hún fjölmennasta ráðstefnan sem haldin hafði verið á Íslandi. Voru yfir 500 fyrirlestrar haldnir á þeim 3 dögum sem ráðstefnan stóð yfir. Því er skemmst frá að segja að ráðstefnan tókst einstaklega vel og var mikil ánægja var með skipulagningu og aðbúnað allan; veður skartaði sínu fegursta og gestrisni Íslendinga var rómuð.

Stofnunin leggur sig fram við að kynna nýjar hugmyndir í opinberri stjórnsýslu og tengja saman fræðin og praktíkina. Á vordögum 2010 var undirritað samkomulag milli stofnunarinnar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís að vinna saman að eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri. Þetta samstarf var útvíkkað á árinu 2011 er aðilar tóku höndum saman við fjármálaráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana í þeim tilgangi að draga athygli að nýsköpun og þróunarverkefnum í starfsemi hins opinbera og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri. Afrakstur þessa samstarfs var m.a. ráðstefna um nýsköpun í opinberum rekstri sem haldin var í nóvember 2011 en þar voru jafnframt afhent nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri 2011, auk viðurkenninga fyrir verkefni sem stofnanir höfðu tilnefnt. Þá var einnig opnaður vefur tileinkaður nýsköpun í opinberum rekstri www.nyskopunarvefur.is, sem stofnunin þróaði og heldur utan um. Það er samdóma álit samstarfsaðilanna að árangur af samvinnu þeirra hafi skilað góðum árangri, það hafi m.a. gefið jákvæð skilaboð til samfélagsins um grósku í starfi hins opinbera, aukið virðingu fyrir opinberum rekstri og stolt starfsmanna af starfsvettvangi sínum.

Veftímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla má segja að sé skrautfjöldur og stolt stofnunarinnar. Á starfsárinu var hannað nýtt útlit á vef tímaritsins og það fært yfir í nýrra og hentugra forrit. Jafnframt var hafinn undirbúningur að skráningu tímaritsins í erlenda gagnagrunna. Tímaritið er metið í hæsta flokk meðal tímarita í matskerfi opinberra háskóla, en tímarit eruð flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem berast til birtingar og hvernig þau uppfylla skilyrði um ritstjórnarhætti. Aðsókn fræðimanna að birta ritrýndar greinar hefur aukist verulega en á árinu 2011 birtust 27 ritrýndar greinar í samanburði við 11 ritrýndar greinar 2010 og 15 á árinu 2009.

Við þökkum samstarfsaðilum okkar í stjórnsýslunni, stjórn málum og í fræðasamfélaginu fyrir góða samvinnu á starfsárinu og höfum væntingar um enn nánara og öflugra starf að sameiginlegum hugðarefnum á næstu misserum.

Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor, formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.
Ásta Möller MPA, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Inngangur

Árið 2011 var níunda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála en hún hóf starfsemi sína í árslok 2002.

Uppbygging stofnunarinnar er í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála nr. 545 frá 15. júní 2010 sem háskólaráð hefur sett á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laga nr 85/2008 um opinbera háskóla. Þessar reglur voru jafnframt samþykktar á stjórnarfundum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 31. maí 2010 og af deildarfundum Stjórn málafræðideildar 1. júní 2010. Jafnframt tekur uppbygging stofnunarinnar mið af stefnumótun stjórnar hverju sinni.

Í reglum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands segir eftirfarandi um hlutverk stofnunarinnar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

1. Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Skv. reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefni þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórnin kys sér formann úr hópi fulltrúa Stjórn málafræðideildar. Þess má geta að ákvæði um kynjahlutfall kom inn í reglur stofnunarinnar 2010 en þriggja ára starfstími stjórnar lýkur 2012.

Starfsárið 2011 var stjórn stofnunarinnar skipuð eftirfarandi: Ómar H. Kristmundsson, formaður, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor tilnefndir af deildarfundum Stjórn málafræðideildar og Trausti Fannar Valsson, lektor, tilnefndur af rektor HÍ. Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjórnar í Reykjavík og Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari eru skipuð af forseta Félagsvísindasviðs án tilnefningar.

Ásta Möller MPA er forstöðumaður stofnunarinnar í fullu starfi. Fimm starfsmenn voru starfandi við tímabundin verkefni á árinu 2011. Margrét S. Björnsdóttir MPA starfaði sem nam þriggja mánaða vinnu og Jökull Torfason stjórn málafræðinemi og formaður Política, félags stjórn málafræðinema sem nam tveggja mánaða vinnu við undirbúning og framkvæmd Evrópuráðstefnu stjórn málafræðinga á vegum European Consortium of Political Research (ECPR) sem haldin var í Háskóla Íslands í ágúst 2011. Hrefna Ástmarsdóttir stjórn málafræðingur og meistaranemi í opinberri stjórnsýslu var ráðin til starfa sem nam 2 mánaða fullu starfi sem verkefnastjóri við uppsetningu og þróun vefsíðu um nýsköpun í opinberum rekstri, en Hrefna var síðan ráðin í 50% starf hjá stofnuninni við ýmis verkefnum m.a. þróun nýrrar heimasíðu

stofnunarinnar. Guðjón Idir Guðjónsson MA í heimspeki var verkefnastjóri í 4 mánuði við þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra í samstarfi við fleiri aðila. Þrjú síðastnefndu voru ráðin með stuðningi Vinnumálastofnunar gegnum vinnumarkaðsúrræði fyrir háskólanema og hófu þau störf í júní 2011. Þá starfaði Dr. Haukur Arnþórsson að ýmsum verkefnum í tengslum við þróun og útgáfu að vefstjórnarsíðu Stjórnsmál og stjórnsýsla. Hann er m.a. vefstjóri síðastnefndu.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli .

2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnsmála leggur sig fram um að leita samstarfs við þá sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórnsmála. Stofnunin er formlega rekin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er það samstarf mikilvægur styrkur fyrir starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt hefur stofnunin viðtekið samstarf við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend eftir því sem tilefni gefast. Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnsmálafræðum og eru þeir þar í samstarfi við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands s.s. ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun og aðrar opinberar stofnanir en einnig stjórnsmálaflokka, fag- og stéttarfélag og önnur félagasamtök, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sem og erlend sendiráð. Jafnframt á stofnunin í samstarfi við kennara og fræðimenn í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðinga og sérfræðinga ráðgjafafyrirtækja s.s. Capacent og fleiri m.a. við skipulagningu og framkvæmd málþinga, fræðslufunda og lengri eða skemmri námskeiða um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Þá hefur stofnunin átt gott og náið samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórnsmálafræðinga m.a. við skipulagningu á opnum viðburðum er varða áhugasvið aðila.

Sérstaklega skal nefna samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana annars vegar og fjármálaráðuneytið hins vegar en samstarf aðila hefur leitt af sér viðamikla og farsæla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Má m.a. nefna að á starfsárinu var sérstök áhersla lögð á að vinna að framgangi hugmynda um nýsköpun í opinberum rekstri í samstarfi við framangreinda aðila auk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís eins og greint verður nánar frá hér aftar. Í því sambandi er jafnframt vert að minnast á að á starfsárinu var unnið að ýmsum verkefnum er lúta að nýsköpun í þjónustu við eldri borgara með Landssambandi eldri borgara og Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd við HÍ.

Stofnunin leggur áherslu á að horfa til annarra landa um stjórnsýslu og stjórnsmál og hefur hún tekið þátt í margvíslegu samstarfi í þá veru. Á hverju ári koma m.a. til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, alþjóðasamtökum, stjórnsýslu og stjórnsmálum sem hafa haldið opna fyrirlestra á vegum stofnunarinnar.

3. Fjármál

Stofnunin er rekin með sjálfsaflafé. Föst framlög til stofnunarinnar á árinu 2011 voru 2.375 milljónir króna. Það er framlag Reykjavíkurborgar, en borgin hefur verið samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og lagði stofnuninni til 2.5 milljónir króna árlega sem hefur skipt sköpum um fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar. Á árinu var samningur við Reykjavíkurborg endurnýjaður í formi þjónustusamnings til tveggja ára 2011-2012.

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu eins og bókhaldsþjónustu og uppgjörsvinnu sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er aflað fjármagns til rekstrar með verkefnum sem stofnunin vinnur að, m.a. skipulagningu og umsjón með málþingum og námskeiðum, rannsóknarverkefnum og öðrum verkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og með styrkjum.

Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2011 var rúmar 31 milljón króna en stór hluti þess eða um 17 milljónir króna var vegna umsýslu í kringum ECPR ráðstefnuna sem haldin var í ágúst 2011 og stofnunin hélt utan um. Brúttótekjur af öðrum verkefnum voru um 13 milljónir króna þar með talið tekjur vegna námskeiða, funda, vef tímaritsins og annarra verkefna. Rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi á árinu. Frá fyrri árum eru uppgjör vegna umsýslu stofnunarinnar í tengslum við verkefnið DEMO-net enn í óvissu, en í árslok 2011 var verkefnið í 3.4 milljóna skuld við stofnunina vegna kostnaðar á árinu 2007-2008. Vonast er til að fundin verði lausn á málinu á árinu 2012, en að öðru leyti er vísað til ársskýrslu 2009 varðandi þetta efni.

4. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2011

Í reglum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála segir eftirfarandi um áherslur í starfi hennar:

„Hlutverk Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er:

- a. að efla framhaldsnám, starfsmenntun, rannsóknir og nýsköpun á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði innan stjórn málafræðideildar,
- b. að standa að samstarfs- og samræðuvettvangi fræðimanna (rannsóknarborð-hringborð rannsóknarverkefna) í þeim tilgangi að auka samstarf, efla rannsóknir og nýsköpun á fræðasviðum stjórn málafræðideildar,
- c. að aðstoða við öflun samstarfsaðila, öflun fjár, ráðgjöf, framkvæmd og utanumhald rannsóknarverkefna eftir atvikum í samvinnu við Félagsvísindastofnun,
- d. að efla tengsl milli fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórn málamanna, stjórnsýslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka), m.a. með fundum, ráðstefnum og útgáfu,
- e. að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála,
- f. að stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði,
- g. að veita ráðgjöf um stefnumótun vegna framhaldsnáms stjórn málafræðideildar,
- h. að halda utan um gagnasafn stjórn málafræðideildar,
- i. að sinna kynningarstarfi fyrir stjórn málafræðideild og veita framhaldsnemendum ýmsa þjónustu,
- j. að standa fyrir námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og miðlun upplýsinga þar um,
- k. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, m.a. ritröð um íslenska

- stjórn málafræði, umsjón með og útgáfu á tímaritinu Stjórn málafræði og stjórnsýsla,
- l. að skapa lífandi umræðuvettvang um stjórn málafræði og stjórnsýslu,
 - m. að sinna þjónustu á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði fyrir félagsvísindasvið og aðra aðila, innan og utan Háskóla Íslands.“

Til þess að inna af hendi þessi viðamiklu verkefni hefur stofnunin haft samstarf við ótal marga aðila utan sem innan Háskóla Íslands.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu 2011, en að auki eru ótalin mörg smærri verkefni.

4.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2011

Samstarf stofnunarinnar við ýmsa aðila um að skipuleggja fræðslu, fundi og ráðstefnur um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórn málafræði og stjórnsýslu og í stjórnsýslufræðum er veigamikill þáttur í starfsemi hennar og mikilvægur þáttur til að afla henni tekna. Þessir aðilar eru m.a. stofnanir og deildir innan HÍ, ráðuneyti og stofnanir þeirra, sveitarfélög, ráðgjafafyrirtæki og félagsamtök. Á árinu 2011 voru haldnir um 30 slíkir atburðir og sóttu þá um 2600 manns (Sjá viðauka 1). Markhópur þessa fræðslu og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og viðfangsefni opinbers rekstrar.

4.2 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila.

Stofnunin hefur um árabil staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um lög er varða stjórnsýsluna til að efla þekkingu þeirra á reglum hennar. Sum þessara námskeiða voru sett á laggirnar að frumkvæði Umboðsmanns Alþingis og hefur stofnunin notið stuðnings, liðveislu og hvatningar embættisins í því starfi. Námskeiðin eru jafnframt skipulögð eftir atvikum í samstarfi við forsætisráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og kennara Lagadeildar Háskóla Íslands.

Á árinu 2011 var í áttunda skiptið haldið sex vikna námskeið um *Stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við Lagadeild HÍ. Þátttakendur voru víða að af landinu og tók hluti þeirra námskeiðið í fjarnámi.

4.3 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu

Stofnunin hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnsýslu og hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og margir þeirra eru í störfum innan stjórnsýslunnar samhliða námi. Stjórn málafræðideild hefur verið í fararbroddi að bjóða upp á fjarnám og hefur það sérstaklega gagnast nemendum í opinberri stjórnsýslu og búa þeir utan höfuðborgarsvæðis og erlendis.

Tveir samstarfssamningar eru í gildi um þróun sérsniðins diplómanáms annars vegar fyrir núverandi og varðandi stjórnendur hins opinbera og hins vegar fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Samstarfsaðilar Stjórn málafræðideildar um fyrra námið er fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Haustið 2011 hófst þriðja starfsár námsins.

Haustið 2011 hófst annað starfsár nýrrar námsleiðar, diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, en hún er sérstaklega skipulögð með þarfir núverandi og verðandi stjórnenda í heilbrigðisþjónustu í huga sem vilja efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi opinbers rekstrar og heilbrigðisstofnana. Samstarfsaðilar Stjórn málafræðideildar innan HÍ um diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu eru Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið HÍ, en samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands vegna námsins eru velferðarráðuneytið, Landspítalinn, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hafði forgöngu um þessar námsleiðir og annast framkvæmd samstarfssamninga vegna þeirra. Námsleiðirnar eru hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar og lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með diplómaskírteini. Kjósi þeir að halda áfram námi og ljúka MPA gráðu fá þeir diplómanámið að fullu metið.

4.4 Rannsóknarborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum

Rannsóknarborð í stjórn mála og stjórnsýslufræðum tók til starfa snemma árs 2010 en það er samstarfsvettvangur kennara stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Fundir rannsóknarborðs eru haldnir að jafnaði á 3 vikna fresti yfir veturinn.

Tilgangur rannsóknarborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórn mála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórn mála og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu.

Hlutverk stofnunarinnar er utnumhald við rannsóknarborðið, styðja við fræðimenn í þáttum er varða undirbúning og framkvæmd rannsókna s.s. tengsl við samstarfsaðila, upplýsingamiðlun um styrkjamöguleika, þróun sameiginlegra gagnagrunna, útvegum aðstöðu fyrir rannsóknarverkefni og umsjón starfsmannahalds eftir atvikum. Jafnframt sér stofnunin um kynningu rannsókna og niðurstaðna þeirra meðal annars með útgáfu s.s. í bókaformi og í vefritinu Stjórn mála og stjórnsýsla svo og á fundum og ráðstefnum.

Fyrsta starfsári rannsóknarborðsins 2010 var fyrst og fremst varið til að koma á samræðum milli fræðimanna og miðlum upplýsinga þeirra á milli og út á við um rannsóknarsvið þeirra. Jafnframt voru umræður og kynningar á stuðningi sem þeim stendur til boða til að efla rannsóknir og samstarf um rannsóknir í stjórn málafræði. Þá var markvisst unnið að því að kynna fræðimönnum stuðning, tæki og tól sem eru til þess fallin að styðja við og efla rannsóknir á sviðinu.

Á árinu 2011 var rannsóknarborðið áfram í þróun og á vordögum voru gerðar áherslubreytingar á starfsemi þess á þann veg að þátttakendum (einum eða fleiri saman) er gefinn kostur á að leggja fram grein eða rannsókn í vinnslu og fær viðkomandi síðan svörun á og umræður um aðferðafræði, efnistöð, niðurstöður ofl. Einn þátttakandi rannsóknarborðs undirbýr sig sérstaklega að ræða framlagt efni og síðan eru opnar umræður. Þótti þessi breyting takast vel og almenn ánægja með að fá umræðu um verk sín. Fundir rannsóknarborðs þéttust við þessar breytingar og voru þeir alls 9 á starfsárinu.

Eftirfarandi efni voru tekin til umfjöllunar:

10. febrúar 2011. Rætt um álit og skýrslur sem komu út á síðasta ári á vegum stjórnvalda, en kennarar í Stjórn málafræðideild áttu sæti í þessum nefndum/hópum sem sérfræðingar í stjórnsýslu og kynjafræðum. Þessar skýrslur varða umbótastarf hjá ríkinu, endurskoðun á lögum um stjórnarráðið og viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Viðkomandi kennarar fjölluðu í stuttu máli um þessar skýrslur m.a. um meginlínur í niðurstöðum þeirra og hvort Stjórn málafræðideild geti nýtt sér frekar þessa vinnu.

Eftirfarandi skýrslur voru ræddar á fundinum:

1. Endurskipulagning þróunar, umbóta- og hagræðingarmála hjá ríkinu- skýrsla starfshóps forsætisráðuneytisins. Skýrsla gefin út í febrúar 2010 Ómar H. Kristmundsson sat í nefndinni.
2. Skýrsla nefndar um endurskoðun á lögum um stjórnarráð Íslands. Fyrri hluti skýrslunnar kom úr í maí 2010. Gunnar Helgi Kristinsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir sátu í nefndinni.
3. Viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, skýrsla kom út í maí 2010. Gunnar Helgi Kristinsson og Ómar H. Kristmundsson voru í nefndinni.
4. Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni, kom út í ágúst 2010. Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir skrifuðu greinargerðina.
5. Samhent stjórnsýsla - skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. Skýrslan kom út í desember 2010. Gunnar Helgi Kristinsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir sátu í nefndinni.

24. febrúar 2011. Umræður um efnið *Fræðimenn og kennarar sem álitsgjafar*. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir undirbjó og opnaði umræðuna.

17. mars 2011. Kynning á styrkjamöguleikum í félagsvísindum í 7. Rannsóknaráætlun ESB og Leonardo. Gestir fundarins voru Gunnar Þór Jóhannesson og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir frá Félagsvísindastofnun.

12. maí 2011. Grein í vinnslu. *The European Citizen's Initiative. Transnational Democracy in the EU at Last?* Maximilliam Conrad lagði fram drög að grein og Þorgerður Einarsdóttir undirbjó viðbrögð við henni. Greinin var birt í júníhefti tímaritsins Stjórn málafræðingafélags Íslands.

8. september 2011. Drög að doktorsverkefni. *Science Technology and Innovation Policy in Iceland. A case study of policy reform and evaluation of the policies it produced.* Ágúst H. Ingþórsson, doktorsnemi ræddi drög að doktorsverkefni sínu. *Discussant?*

29. september 2011. Alyson Bailes og Orri Jóhannsson ræddu grein sína í vinnslu *Iceland and Food Security*. Greinin birtist sem almenn grein í desemberhefti tímaritsins Stjórn málafræðingafélags Íslands. Maximilliam Conrad undirbjó andsvar við greinina.

20. október 2011. Möguleikar á styrkjum innan Stjórn málafræðideildar. Gestir fundarins voru Gunnar Þór Jóhannesson og Ingibjörg Ómarsdóttir frá Félagsvísindastofnun, auk þess sem Ágúst H. Ingþórsson frá vísindasviði tók þátt í kynningunni.

10. nóvember 2011. Gunnar Helgi Kristinsson ræddi grein sína *Party cohesion in the Icelandic Parliament*. Stefanía Óskarsdóttir leiddi umræðuna. Greinin birtist síðan í desemberhefti tímaritsins Stjórn málafræðingafélags Íslands.

8. desember 2011. Marín Rós Tumadóttir ræddi doktorsverkefni sitt *Nordic Norms in the "High North: A Critical Case Study*. Hulda Þórisdóttir leiddi umræðuna.

Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is er að finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórn málafræðideildar undir rannsóknaráherslur fræðimanna.

4.5 Rannsóknir og þróunarverkefni

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur á undanförunum árum veitt kennurum Stjórn málafræðideildar aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknarverkefna. Viðamest hafa verið tvö stór rannsóknarverkefni Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008 og *Íbúahlýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010* sem bæði voru unnin í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands. Hér á eftir er gert grein fyrir rannsóknar- og þróunarverkefnum sem stofnunin vann að á árinu 2011.

4.5.1 Nýsköpun í opinberum rekstri

Stofnunin hélt áfram vinnu að framgangi hugmynda um nýsköpun í opinberum rekstri. Samstarf stofnunarinnar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís sem undirritað var í maí 2010 um samvinnu að eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri bar ávöxt á árinu 2011. Þessir aðilar tóku höndum saman við fjármálaráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana til að draga athygli að nýsköpun og þróunarverkefnum í starfsemi hins opinbera og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri á Íslandi. Í undirbúningsnefnd verkefnisins voru eftirfarandi aðilar: Pétur Berg Matthíasson frá fjármálaráðuneytinu, Magnús Guðmundsson og Ingibjörg S. Sverrisdóttir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Ómar H. Kristmundsson og Ásta Möller frá Stofnun stjórnsýslufræða, Karl Friðriksson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Þorsteinn Gunnarsson frá Rannís.

Viðamesti hluti samstarfsins var ráðstefna um nýsköpun í opinberum rekstri 3. nóvember 2011. Á ráðstefnunni voru afhent nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri 2011 og opnaður vefur tileinkaður nýsköpun í opinberum rekstri.

Síðsumars var sent bréf til forstöðumanna ríkisstofnana og óskað eftir að þeir tilnefndu verkefni til nýsköpunarverðlauna sem yrðu afhent á ráðstefnunni. Verkefnisstjórn vann leiðbeiningar til forstöðumanna um form tilnefningar. 40 verkefni voru tilnefnd og komu þau frá 24 opinberum stofnunum. Skilyrði fyrir tilnefningu voru að verkefninu hefði verið hrint í framkvæmd á sl. tveimur árum og að skilgreindum árangri hafi verið náð. Um helmingur tilnefndra verkefna voru kynnt á málþingi í tengslum við ráðstefnunni. Verkefnið *Skipulag rýminga vegna jökulblaupa sem fylgja eldgosum í Kötlu og Eyjafjallajökli: Samstarf íbúa og almannavarnaryfirvalda* frá Lögreglunni á Hvolsvelli hlaut nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri 2011 og fengu þeir afhentan verðlaunagrip og viðurkenningarskjal af því tilefni úr höndum Steingríms J Sigfússonar fjármálaráðherra. Þrjú önnur verkefni fengu sérstaka viðurkenningu, en þau voru *Örnefni á vefnum - Nýjar aðferðir við söfnun og miðlun* frá Landmælingum Íslands; *Notkun samfélagsmiðla (Facebook og Twitter) á sviði löggæslu* frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og *Yfirfærsla bókaakosts Blindrabókasafns Íslands yfir á stafrænt form* frá Blindrabókasafni Íslands.

Samhliða undirbúningi á ráðstefnu um nýsköpun í opinberum rekstri var tekin ákvörðun um að vinna að opnun vefsíðu tileinkað þessu efni. Hrefna Ástmarsdóttir, stjórn málafræðingur og meistaranemi í opinberri stjórnsýslu var ráðin til starfa í 2 mánuði gegnum vinnuúrræði Vinnuálagstofnunar gagnvart stúdentum. Hrefna var síðan ráðin áframhaldandi í 50 % starf hjá stofnuninni við þetta verkefni og fleiri. Vefurinn www.nyskopunarvefur.is var opnaður af fjármálaráðherra á ráðstefnunni 3. nóvember 2011. Á vefsíðunni er meðal annars að finna upplýsingar um nýsköpun í opinberum rekstri, verkfæri við nýsköpunarvinnu, umfjöllun um verkefni sem fengu verðlaun og viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberum rekstri 2011 og stutt umfjöllun um önnur verkefni sem tilnefnd voru til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri 2011. Á forsíðu eru tenglar á verkefni. Þá er Twitter kassi á forsíðu vefsins en þar má finna allt það nýjasta sem er verið að skrifa um nýsköpun í opinbera geiranum úti í heimi. Mikil vinna var lögð í tenglasafnið en þar má finna fjölamarga tengla á nýsköpunarvefi um allan heim og hægt er að hlaða niður skýrslum og greinum um nýsköpun í opinberum rekstri jafnframt því að gagnlegar leiðbeiningar um hvernig eigi að standa að nýsköpun í opinberum rekstri er að finna á síðunni.

4.5.2 Könnun á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana.

Á haustdögum 2011 var hafinn undirbúningur að gerð könnunar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana í samstarfi Stofnunar stjórnsýslufræða, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Tengiaðilar verkefnisins voru Ómar H. Kristmundsson og Ásta Möller frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Ágústa H. Gústafsdóttir frá fjármálaráðuneytinu og Magnús Guðmundsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Könnunin var gerð í framhaldi af sambærilegri könnun sem fór fram á árinu 2007 sem lögð var fyrir forstöðumenn. Markmið könnunarinnar er að fá upplýsingar um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Félagsvísindastofnun HÍ tók að sér framkvæmd könnunarinnar.

4.5.3 Mat á faglegum ávinningi af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga

Á árinu 2011 starfaði stofnunin með Félagsvísindastofnun og Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum að viðamiklu verkefni fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú Velferðarráðuneytið) við að meta faglegan ávinning af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Í tengslum við kynningu á verkefninu skipulagði stofnunin fjölmennan fund í Hörpu á haustdögum 2011 í samvinnu við Velferðarráðuneytið og aðra samstarfsaðila. Skýrsla um rannsóknina liggur fyrir.

4.5.4 Evrópuverkefni EGOV4U eða „Rafrænar lausnir fyrir alla“

Á árinu 2011 vann stofnunin með Reykjavíkurborg að Evrópuverkefninu EGOV4U eða *Rafrænar lausnir fyrir alla* sem er þriggja ára verkefni og felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu. Verkefnið er hluti af samstarfsáætlun stjórnsýslu og Reykjavíkurborgar. Ómar H. Kristmundsson var ráðgjafi Reykjavíkurborgar um verkefnið.

4.5.5 Þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra

Á árinu 2011 var gert samkomulag milli Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Landssambands eldri borgara og Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd við HÍ um samvinnu að verkefnum sem lúta að nýsköpun í þjónustu við eldri borgara m.a. með

námskeiðahaldi, ráðstefnum, málþingum og rannsóknarverkefnum. Hluti af því samstarfi var vinna að þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra.

Tekin var ákvörðun um að sækja um styrk til Vinnumálastofnunar til að vinna að uppsetningu á upplýsingaveitu á netinu sem væri jafnframt félagstengslasíða og fæli í sér símaráðgjöf fyrir eldri borgara og aðstandendur þeirra.

Guðjón Idir Guðjónsson MA í heimspeki var ráðinn sem verkefnastjóri 4 mánuði með stuðningi Vinnumálastofnunar gegnum vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnuleitendur í júní til október 2011. Að auki lögðu aðstandendur verkefnisins lagt fram fjármagn til þess.

Sótt hefur verið til Framkvæmdasjóðs aldraðra og Velferðaráðuneytisins um styrk til reksturs verkefnisins í samvinnu við Landssamband eldri borgara.

4.5.6 Umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir Citizen-centric eGovernment Services

Í tengslum við verkefnið *Þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra* sem að framan er grein hafði Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála ásamt Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við HÍ frumkvæði af því leita samstarfsaðila, vinna og leggja inn umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir *Citizen-centric eGovernment Services* sem er á vegum Rannís, NordForsk, VINNOVA í Svíþjóð og ráðuneytis efnahags- og upplýsingamála í Eistlandi. Umsóknin ber heitið *An Information Website and Social Networking Tool for Elderly Citizens- Improving e-services and monitoring the needs of Elderly Citizens in Estonia, Iceland and Sweden in an easy to use innovative platform*. Erlendir samstarfsaðilar voru Umeå University og Estonian Regional and Local Development Agency (ERKAS).

4.5.7 Umsókn til 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins.

Stofnunin vann með Hauki Arnþórssyni, doktor í stjórnsýslufræðum, að umsókn um styrk til 7. Rammaáætlunar Evrópusambandsins og var skilafrestur umsóknarinnar í ársbyrjun 2012. Heiti verkefnisins er *SYN- Can a New Net-Identities Scheme Improve Internet Safety for Young People*. Stofnun stjórnsýslufræða er umsjónaraðili (coordinator) með rannsókninni. Samstarfsaðilar eru háskólar og fyrirtæki í Belgíu, Ísrael, Þýskalandi, Írlandi, Bretlandi auk Íslands. Fáist styrkur til verkefnisins hefur það í för með sér mikil aukin umsvif stofnunarinnar.

5. Stjórnmal og stjórnsýsla-Veftímaritið -www.stjornmalogstjornsysla.is

Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er að stuðla að rannsóknum og faglegri sem fræðilegri umræðu um íslensk stjórnmál og stjórnsýslu.

Veftímaritið Stjórnmal og stjórnsýsla hefur verið gefið út frá árinu 2005. Tvö tölublöð koma út á ári hverju, í júní og desember og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni www.stjornmalogstjornsysla.is. Prentuð útgáfa ritrýndra greinar kemur út einu sinni á ári. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Höfundar efnis eru fræðimenn í stjórnmálafræði, stjórnsýslufræði, hagfræði, viðskiptafræði, sagnfræði, kynjafræði, lögfræði, félagsfræði, stjórnumarfræði, sálfræði, fötlunarfræði, fjölmiðlafræði og fleiri tengdum greinum. Þá hafa stjórnmálamenn, embættismenn og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lagt tímaritinu til efni m.a. í almennum greinum. Bókadómar eru jafnframt fastur þáttur í útgáfunni.

Í tímaritinu eru eftirtaldir efnisflokkar: Ritryndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis og bókadómar. Þá eru tenglar er varða fagsvið stjórnmála- og stjórnsýslufræða s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórnmálafræðinga og stjórnsýslufræðinga o.fl.

Á árinu 2011 var lögð áhersla á að endurhanna útlit á vef tímaritsins en forritið sem hefur verið notað var komið til ára sinna og nauðsynlegt færa vefinn í nýtt forrit, WordPress. Hannað var nýtt útlit á vefinn og nýja uppsetningu á greinum. Veftímaritið með nýju útliti var opnað í júní 2011 með opnun 1. tbl. 2011. Dagný Reykjalin hjá Blekhönnun sá um vefhönnun og hönnun skjala fyrir fræðigreinar, almennar greinar og bókadóma en Sigurður Fjalar Jónsson sá um tæknilega uppsetningu. Verkefnastjórar hins nýja vefs voru Ásta Möller, forstöðumaður og Haukur Arnþórsson, vefstjóri. Hinn endurnýjaði vefur er unninn í WordPress vefumsjónarkerfinu og er hann vistaður hjá Reiknistofnun Háskólans.

Styrkur til veftímaritsins sem Alþingi samþykkti á fjárlögum 2011 upp á kr. 500 þúsund var nýttur til að fjármagna endurhönnun á útliti vefsins.

Á árinu 2011 var hafinn undirbúningur að skráningu tímaritsins í ISI gagnagrunninn, Thompson Reuter m.a. með því að útbúa enskt viðmót síðunnar, jafnhliða hinu íslenska.

Á árinu skilaði Matskerfisnefnd mat á tímaritinu með hliðsjón af nýju matskerfi fyrir opinbera háskóla sem var staðfest 30. desember 2009. Matskerfisnefnd er skipuð fulltrúum opinberu háskólanna, auk fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Það var niðurstaða matskerfisnefndar að greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla verði metnar til 15 stiga í Matskerfi opinberra háskóla. Matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti sem sett eru fram. Íslensk tímarit sem uppfylla viss ófrávikjanleg skilyrði geta raðast í þrjá flokka, þar sem ritryndar tímaritsgreinar gefa 5, 10 eða 15 stig. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla eru því metin í hæsta flokk, en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Aðsókn fræðimanna að birta ritrýndar greinar í tímaritinu hefur aukist verulega. Í 7. árgangi 2011 birtust alls 27 ritrýndar greinar og 7 greinar almenns eðlis. Í desember hefti tímaritsins 2011 birtust jafnframt 7 ritdómar um bækur sem komu út á árinu á sviði ritsins. Til samanburðar birtust 11 ritrýndar greinar í tímaritinu á árinu 2010 og 16 greinar á árinu 2009.

Við opnun á tímaritinu í júní og desember var boðið til útgáfuhófs, þar sem höfundu/höfundum var gefið tækifæri að kynna efni greinar sinnar og umræður um þær. Móttaka var á eftir í boði stofnunarinnar.

Í tilefni af opnun 1. tbl. 7. árg. tímaritsins 30. júní 2011 og opnun á nýju útliti ræddi Dr. Maximilian Conrad, lektor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands efni greinar sinnar: *The European Citizen's Initiative. Transnational Democracy in the EU at last?*. Fundarstjóri var Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

Við opnun á 2. tbl. 7. árg. 20. desember 2011 ræddi Eva Heiða Önnudóttir, stjórn málafræðingur og doktorsnemi við háskólann í Mannheim stuttlega rannsóknarniðurstöður hennar og Ólafs Þ. Harðarsonar prófessors á því hvort afstaða almennings til lýðræðiskerfisins á hverjum tíma mótist af því hversu ánægt fólk er með frammistöðu stjórnvalda. Niðurstöðurnar byggja á kosningarannsóknnum 1999 til 2009. Þau Ólafur sátu síðan fyrir svörum. Fundarstjóri var Ómar H. Kristmundsson, prófessor og formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Haldið var áfram vinnu við að fjölga áskrifendum að tímaritinu til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Bættust um 50 nýjir áskrifendur á árinu. Áskrifendur og styrktaráskrifendur eru um 150 talsins í lok árs 2011.

Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir greinar og höfunda efnis í 7. árgangi tímaritsins.

Ritstjórar tímaritsins eru Arnar Þór Másson M.Sc., Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, Dr. Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir MPA. Vefstjóri er Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur. Umsjón með útgáfunni hefur Ásta Möller MPA.

Að auki starfar ráðgefandi ritstjórn að tímaritinu, en hennar hlutverk er einkum að ritrýna greinar, skrifa bókadóma og styðja hina almennu ritstjórn. Í henni eiga sæti þau eftirfarandi einstaklingar: Auðunn Arnórsson, MA í sagnfræði og stjórn málafræði, og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjórn málafræði, Birgir Hermannsson, Dr.phil í stjórn málafræði, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjórn málafræði, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og stjórn málum, Eiríkur Bergmann, Ph.D. í stjórn málafræði og Cand.Scient. í alþjóðastjórn málum, Grétar Þór Eyþórsson, Ph.D. í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum, Guðmundur Heiðar Frímansson, Ph.D. í siðfræði, Guðni Th. Jóhannesson, Ph.D. í sagnfræði, Gústaf Adolf Skúlason, M.Sc. í milliríkjasamskiptum, Halldór Grönvold, MA í vinnumarkaðsfræðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjórn málafræði, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Hannes H. Gissurarson, D.Phil. í stjórn málafræðum, Helgi Skúli Kjartansson, cand.mag. í sagnfræði, Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjórn málafræði, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjórn málafræði, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Ph.D. í upplýsingafræði, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þór Gylfason M.Sc. í aðferða- og tölfraedi, Ólafur Þ. Harðarson, Ph.D. í stjórn málafræði, Ólafur Ísleifsson, M.Sc. í hagfræði, Ólafur Þ. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjórn málum, Óli Jón Jónsson M.S. í evrópustjórn málum, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjórnsýslufræðum, Róbert Ragnarsson,

MA í stjórnmálafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Stefnía Óskarsdóttir, Ph.D. í stjórnmálafræði, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjórnsýslufræðum, Svala Ísfield Ólafsdóttir, cand. jur., diploma í afbrotufræði, BA í frönsku og MA í félagsfræði, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjórnmálafræði, Svandís Nína Jónsdóttir, M.Sc. í stjórnmálafræði og doktorsnemi við stjórnmálafræðiskor H.Í., Trausti Fannar Valsson, cand. jur. og Ph.D nemi og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjórnmálafræði.

6. Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR

Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga á Íslandi – ECPR var haldin dagana 25.- 27. ágúst 2011 og hafði stofnunin umsjón með skipulagningu ráðstefnunnar innanlands í samstarfi við Stjórnmálafræðideild. Um 2500 stjórnmálafræðingar alls staðar að sóttu ráðstefnuna og var hún fjölmennasta alþjóðlega ráðstefnan sem haldin hefur verið á Íslandi. Yfir 500 fyrirlestrar voru haldnir á þeim 3 dögum sem ráðstefnan stóð yfir og þótti hún takast vel í alla staði.

Ráðstefnan fór fram í fimm húsum á háskólasvæðinu, Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Lögbergi, Odda og Árnagarði og voru flestar stofur í þessum byggingum lagðar undir ráðstefnuna. Þá var Íþróttahús HÍ tekið undir veitingaaðstöðu þar sem um 1200 þátttakendur neyttu hádegisverðar þá þrjá daga sem ráðstefnan stóð. Um 20 bókaforlög voru með bókakynningar.

Ólafur Þ. Harðarson, Ásta Möller og Margrét S. Björnsdóttir unnu að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar fyrir hönd Stjórnmálafræðideildar og stofnunarinnar. Jafnframt var Jökull Torfason, stjórnmálafræðinemi, ráðinn til starfa við skipulagningu ráðstefnunnar og fékkst stuðningur Vinnumálastofnunar að taka þátt í að greiða sem samsvarar 2 mánaða launum, sem hluti af vinnumarkaðsúræðum fyrir stúdenta í sumarvinnu. Þá var Gestamóttakan- Your Host í samstarfi við stofnunina um skipulagningu ráðstefnunnar.

Rúmlega 20 stúdentar aðstoðuðu við undirbúning, leiðsögn og eftirlit á ráðstefnunni sjálfri, auk þess sem starfsfólk HÍ, ekki síst húsverðir og starfsfólks Félagstofnunar stúdenda og Hámunar á Háskólatorgi lögðu sitt af mörkum til að gera ráðstefnuna glæsilega. Gert var samkomulag við Múlakaffi – veitingaþjónustu að sjá um sölu á veitingum í hádeginu.

Veðrið skartaði sínu fegursta og bar stjórn og starfsfólk Samtaka evrópskra stjórnmálafræðinga (ECPR) sem stóðu að ráðstefnunni sérstakt lof á skipulag ráðstefnunnar. Í ræðu og riti kom fram hjá þeim að ráðstefnan á Íslandi væri best skipulagða ráðstefna á þeirra vegum frá upphafi.

7. Erlent samstarf

Hér að framan er getið um verkefni sem stofnunin átti í samstarfi um við erlenda aðila auk þess sem getið er samstarfs við European Consortium of Political Research vegna evrópskrar ráðstefnu stjórnmálafræðing á Íslandi. Þessu til viðbótar skal nefnt að Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er þátttakandi í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Í lok ágúst 2011 sótti forstöðumaður fund norrænu samstarfsaðilanna sem haldinn var í Helsinki í Finnlandi en samstarfið ber heitið *Nordic Civil Service Training Institute Network*. Umræðuefni fundarins var stjórnsýslufræðsla á Norðurlöndum og var forstöðumaður með innlegg frá Íslandi. Samstarfsaðilar á Norðurlöndum voru eftirfarandi: The Swedish Council for Strategic Human

Development (KRUS) HAUS, Finnish Institute of Public Management, Metropolitan University College í Danmörku og Public Management and eGovernment (DiFi) í Noregi. Fundinn sóttu einnig fulltrúar frá Institute of Public Management (EIPA). Fram kom á fundinum að nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á fyrirkomulagi stjórnýslufræðslu í Svíþjóð og Noregi. Ákveðið var að næsti fundur samtakanna yrði á Íslandi haustið 2012.

8. Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar m.a. atburði á hennar vegum. Þar eru einnig að finna upplýsingar um rannsóknaráherslur fræðimanna deildarinnar, útgáfu á vegum stofnunarinnar og fleiri upplýsingar. Unnið var að endurskoðun á vef stofnunarinnar og birtist hann í nýju útliti á árinu en með nýjum vef er fyrirhugað að gera hann að alhliða upplýsingagátt um opinbera stjórnýslu á Íslandi, auk þess að vera vettvangur upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar. Aðrir vefir stofnunarinnar eru www.stjornmalogstjornsysla.is og www.nyskopunarvefur.is eins og áður er getið.

Viðauki 1. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála 2011

1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar.

27. janúar 2011. Morgunverðarfundur. Viðbúnaður, fyrirbyggja, traust- hvernig býr stjórnsýslan sig undir óvænt atvik? Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Framsögumenn voru Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar og Ásthildur E. Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun og kennari við HÍ. Fundarstjóri var Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.

27. janúar 2011. Málþing. Hvernig er staðið að áhættustjórnun, viðbúnaði og forvirku eftirliti hjá stofnunum ríkisins?-Sviðsmyndir. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Framsögumenn voru Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í upplýsingafræðum við HÍ, Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, Kjartan Þorkelsson, sýslumaðurinn á Hvolsvelli, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri bráðasviðs LSH, Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálagastofnunar og Gunnar Andersen forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Fundarstjóri var Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

31. janúar- 3. febrúar 2011 (3 eftirmiðdagar). Námskeið: Rafræn stjórnsýsla – möguleikar til umbreytinga á starfsemi stofnana. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalkennari var Haukur Arnþórsson, doktor í rafrænni stjórnsýslu. Gestafyrirlesarar voru Guðjón Már Guðjónsson frá Agóra (kenndur við OZ) og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

8. febrúar 2011. Námskeið. Árangur við stjórn breytinga-Hagnýtt námskeið fyrir stjórnendur hjá opinberum stofnunum. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Leiðbeinendur voru Guðfinna S. Bjarnadóttir PhD og Vilhjálmur Kristjánsson MPA. Gestafyrirlesari var Dr. Björn Zoëga, forstjóri LSH.

23. febrúar 2011. Morgunverðarfundur. Breyttar hugmyndir um stöðuveitingar og störf stjórnenda í opinberum rekstri. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Frummælendur voru Gunnar Björnsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor HÍ og Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM. Fundarstjóri var Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

23. mars 2011. Morgunverðarfundur: Árangur í skugga niðurskurðar, Hvernig má meta afköst og gæði í opinberum rekstri? – Alþjóðlegir mælikvarðar, stefna stjórnvalda, dæmi um aðferðir innlendra stofnana. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Framsögumenn: Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu Dr. Ómar Kristmundsson, prófessor HÍ og Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Panelumræður með þátttöku frummælenda auk Jóns Atla Benediktssonar aðstoðarrektors HÍ, Kristínar Lindu Árnadóttur forstjóra Umhverfisstofnunar og Maríu Heimisdóttur framkvæmdastjóra fjármálasviðs LSH. Fundarstjóri var Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.

5. apríl 2011. Opið málþing: Hvernig ber að standa að ráðningu í störf innan stjórnsýslunnar? Sjóarmið stjórnsýslufræðanna, lögfræðinnar og mannaússtjórnunar.

Í samstarfi við Lagastofnun og Viðskiptafræðideild HÍ. Framsögumenn voru: Dr. Ásta Bjarnadóttir, vinnusálfræðingur og forstöðumaður við HÍ, Hafsteinn Þór Hauksson lektor við Lagadeild HÍ og Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ. Eftir það voru panelumræður og almennar umræður með frummælendum auk Katrínar S. Óladóttur, framkvæmdastjóra Hagvangs og Gunnars Haugen, framkvæmdastjóra Capacent ráðninga. Fundarstjóri var Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ.

28. apríl 2011. Morgunverðarfundur. Hvernig geta stjórnendur náð betri árangri í innkaupum? - Tækifæri til frekari hagræðingar í rekstri stofnana. Stefna stjórnvalda, ábendingar um innkaup, vistvæn innkaup og kaup á vöru og þjónustu. Í samstarfi við Félag forstöðumanna. Ávarp: Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra. Frummælendur: Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri hjá

Ríkisendurskoðun og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir forstöðumaður viðskiptaþróunarsviðs Ríkiskaupa. Panelumræður með frummælendum og Steingrími A. Arasyni forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, Elvu R. Jónsdóttur sérfræðingi hjá Umhverfisstofnun og Haraldi Bjarnasyni sérfræðingi hjá fjármálaráðuneytinu. Fundarstjóri var Magnús Pétursson ríkissáttasemjari.

17.-19. maí 2011. (3 eftirmiðdagar). Námskeið. Rafræn stjórnsýsla – möguleikar til umbreytinga á starfsemi stofnana. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalkennari var Haukur Arnþórsson, doktor í rafrænni stjórnsýslu. Gestafyrirlesarar voru Guðjón Már Guðjónsson frá Agóra (kenndur við OZ) og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

21. september 2011. Morgunverðarfundur. Hvað er framundan í opinberum rekstri ? Staðan, horfurnar, stefnan og áherslurnar-hvaða áhrif hefur efnahagslegur samdráttur haft á íslenskt samfélag? Í samstarfi við Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Erindi fluttu: Steingrímur J. Sigfússon, Friðrik Már Baldursson forseti viðskiptadeildar HR og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ. Fundarstjóri var Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

21. september 2011. Málþing: Hvernig hafa opinberar stofnanir brugðist við efnahagslegum samdrætti? Sýn forstöðumanna og ráð til stjórnvalda. Erindi fluttu: Björn Zoëga, forstjóri LSH Sigurður Kristinsson, vararektor Háskólans á Akureyri, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Svanhildur Sverrisdóttir, starfsmannastjóri Landhelgisgæslunnar, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar. Fundarstjóri var Stefán Eiríksson, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

3. október 2011. Námskeið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana: Bestu aðferðir við sameiningu stofnana og starfseininga-Hvað skilar árangri, hver liggja hættur-fræðin og reynslupekkingin. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Leiðbeinendur voru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent við Viðskiptafræðideild HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, framkæmvdastjóri LÍN. Gestafyrirlesarar voru Haukur Ingibergsson, forstjóri Þjóðskrár Íslands og Steinunn Halldórsdóttir, stjórnsýslufræðingur og sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu.

3.nóvember 2011. Ráðstefna um nýsköpun í opinberum rekstri-Nýjar lausnir við nýjum áskorunum. Í samstarfi við fjármálaráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Ávarp flutti Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra. Erindi fluttu: Ómar H. Kristmundsson prófessor HÍ, Þorsteinn Gunnarsson sérfræðingur hjá Rannís og Edwin Lau frá OECD. Afhent voru nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri og viðurkenningar og upplýsingagáttin www.nyskopunarvefur.is opnuð. Fundarstjóri var Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar.

3.nóvember 2011. Nýsköpun í opinberum rekstri-Kynning á nýsköpunarverkefnum-Málstofa 1 Kynnt voru nýsköpunarverkefni frá eftirtöldum stofnunum og embættum: Lögreglustjóranum á Hvolsvelli, Blindrabókasafninu, Matvælastofnun, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Landspítala, Ríkiskaupum, Framkvæmdasýslu ríkisins, Háskólanum á Akureyri og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fundarstjóri var Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

3.nóvember 2011. Nýsköpun í opinberum rekstri-Kynning á nýsköpunarverkefnum- Málstofa 2 . Kynnt voru nýsköpunarverkefni frá eftirtöldum stofnunum og embættum: Landmælingum Íslands, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, Heyrnar og talmeinastöð Íslands, Vegagerðinni, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Þjóðminjasafni Íslands og Fiskistofu. Fundarstjóri var Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu.

30.nóvember 2011. Sérniðin vinnusmiðja fyrir forstöðumenn og staðgengla þeirra: Hvernig má ná betri árangri í stjórnun starfsmannamála í eigin stofnun? Byggt á greiningu á stöðu mannaútsjórnunar í eigin stofnun, tækifæri til úrbóta. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Leiðbeinendur voru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ, Ágústa H. Gústafsdóttir, sérfræðingur í starfmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Dr. Tómas Bjarnason frá Capacent.

2. Stjórnsmál, lýðræði og samfélagsleg gildi.

13. janúar 2011. Opín hádegisfundur. Eru skýrslur erlendra sendimanna traust heimild um íslensk stjórnsmál? Frummælendur voru Kristinn Hrafnsson, blaðamaður og talsmaður Wikileaks, Jón Ólafsson prófessor við Háskólann á Bifröst og Styrmir Gunnarsson fyrrv. ritstjóri. Umræðum stjórnaði Ólafur Þ. Harðarson prófessor og forseti Félagsvísindasviðs HÍ.

24. mars 2011. Opín hádegisfyrirlestur. Í kjölfar hrunsins: Hvernig höldum við yfirsýn í miðri atburðarrásinni? *After the crisis: How to Tell the Forest from the Trees, When You Are Not Out of the Woods Yet*, Í samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið með Mark Blyth, prófessor í pólitískri hagfræði við Brown University. Fundarstjóri var Dr. Gylfi Magnússon, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ.

31. mars 2011. Opín fyrirlestur. Icesave-samþykkt eða synjun. Hver er áhættan? Í samstarfi við Stjórnsmálafræðideild HÍ. Fyrirlesari var Lee Buchheit, formaður íslensku samninganefndarinnar um Icesave samningana. Fundarstjóri var Hulda Þórisdóttir, lektor í Stjórnsmálafræðideild HÍ.

7. apríl 2011. Opín hádegisfundur um ICESAVE með forystumönnum stjórnsmálflokkanna. Í samstarfi við Stjórnsmálafræðideild. Frummælendur voru Jóhanna Sigurðardóttir formaður Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins, Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna, Birkir Jón Jónsson varaformaður Framsóknarflokksins og Þór Saari frá Hreyfingunni. Fundarstjóri var Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs HÍ.

1. júní 2011. Opín hádegisfyrirlestur. Social ties and social trust in Iceland under the Economic crisis. Fyrirlesari var Katarzyna Growiec, doktor í félagsfræði og kennari við Háskólann í Varsjá. Fundarstjóri var Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ.

14. september 2011. Hvernig má stuðla að betri stjórnsmálum? *Designing a Better Politics*. Opín afmælisfyrirlestur á vegum Stjórnsmálafræðideildar HÍ og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Fyrirlesari var Gerry Stoker prófessor í stjórnsmálafræði við University of Southampton og höfundur/ritstjóri á þriðja tugs bóka um stjórnsmál. Fundinum og umræðum stjórnaði Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor.

14. október 2011. Málþing: Þingræði á Íslandi í 100 ár-Uppruni, eðli og inntak þingræðis, framkvæmd þingræðis á Íslandi. Í samstarfi við Alþingi í tilefni af útgáfu bókarinnar *Þingræði á Íslandi: Samtíð og saga*. Frummælendur voru Dr. Þorsteinn Magnússon, stjórnsmálafræðingur og aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, Dr. Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Stjórnsmálafræðideild HÍ, Dr. Ragnheiður Kristjánsdóttir, aðjúnt í sagnfræði við HÍ og Dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Helgi Skúli Kjartansson prófessor og Svavar Gestson, fyrrv. ráðherra ræddu við höfunda að loknum framsögurindumþ Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis opnaði málþingið. Dr. Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs stjórnaði umræðum.

4. nóvember 2011. Opín hádegisfundur. Íslensku kosningarannsóknirnar 1983-2009: Opnun gagnagrunns og nýjar rannsóknarniðurstöður. Í samstarfi við Stjórnsmálafræðideild og Félagsvísindastofnun. Framsögumenn voru Dr. Ólafur Þ. Harðarson forseti Félagsvísindasviðs, Dr. Hulda Þórisdóttir lektor við Stjórnsmálafræðideild HÍ og Eva Heiða Önnudóttir, doktorsnemi. Dr. Þorgerður Einarsdóttir, deildarforseti Stjórnsmálafræðideildar HÍ stýrði fundinum.

12. desember 2011. Hádegisfundur. Var Jón forseti með og á móti ESB? – Hagnýting á minningu Jóns Sigurðssonar í stjórnsmálum. Dr. Páll Björnsson, sagnfræðingur, höfundur bókarinnar *Jón forseti allur? Tákennynd þjóðbetju frá andláti til samtíðar* ræddi um notkun á ímynd Jóns. Umræðum stjórnaði Dr. Birgir Hermannsson aðjúnt við stjórnsmálafræðideild HÍ.

3. Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir.

24.-27. ágúst 2011. Evrópsk ráðstefna stjórnmálafræðinga- European Consortium of Political Research (ECPR).

13.október 2011. Námskeið. **Saga, stofnanir og ákvörðunartaka innan ESB.** Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Alþjóðamálastofnun HÍ. Kennari var Dr. Baldur Þórhallsson prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ.

4. Lagarammi opinberrar starfsemi

3. mars-8. apríl 2011. Námskeið. **Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins, ráðuneyta og stofnana.** Haldið af forsætisráðuneytinu í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við Lagadeild HÍ og doktorsnemi. Aðrir kennarar voru Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Hafsteinn Þór Hauksson lektor við Lagadeild HÍ og Berglind Bára Sigurjónsdóttir og Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingar hjá umboðsmanni Alþingis.

5. Velferðarmál

25. febrúar 2011. Málþing. **Daglegt líf, afkoma og aðstæður öryrkja.** Í samstarfi við velferðarráðuneytið, Öryrkjabandalagið og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. Ávarp fluttu Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Guðmundur Magnússon formaður ÖBÍ. Erindi fluttu: Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum HÍ, Friðfinnur Steingrímsson, Knútur Birgisson, María Dröfn Þorláksdóttir, Eiríkur Smith, sérfræðingur í fötlunarfræðum HÍ og Sigríður Jónsdóttir sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Málþingsstjóri var Emil Thóroddsen, frqmkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands.

15.mars 2011. Málþing. **Virgni, afþreying, þáttaka-Málþing um nýsköpun og rannsóknir um bætt heilbrigði og virgni eldri borgara.** Í samstarfi við Landsamband eldri borgara og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduverndar. Erindi fluttu: Dr. Sólveig Ása Árnadóttir, sjúkrahjálpari, Janus Guðlaugsson, MEd íþróttufræðingur, Sigurður Guðmundsson, landsfulltrúi UMFÍ, Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri, Kristinn Guðbrandur Harðarson, kennari og Ásdís Skúladóttir, forstöðumaður. Málþinginu stjórnðu Helgi K. Hjálmsson, formaður LEB og Sigurveig Huld Sigurðardóttir, dósent Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

26. október 2011. **Opin ráðstefna. Aðstæður fatlaðs fólks: Aðbúnaður, þjónusta, viðhorf, líðan, sjálfræði** á vegum Velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við Félagsvísindastofnun, Rannsóknarstofnun í fötlunarfræðum og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands í tilefni af útkomu skýrslu um þjónustu við fatlað fólk við tilfærslu á málaflöknum frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011, sem gerð var af Félagsvísindastofnun, Rannsóknarstofnun í fötlunarfræðum og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Framsögumenn voru Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ, Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum HÍ, Tryggvi Þórhallsson, lögfræði- og velferðarsvið Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, Soffía Lárusdóttir, Akureyrarbæ, Hrefna K. Óskarsdóttir og Guðjón Sigurðsson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Friðrik Sigurðsson og Þorvarður Karl Þorvarðarson frá Þroskahjálpi, Anna Lilja Magnúsdóttir frá Þroskaþjálfafélaginu, Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR, Freyja Haraldsdóttir framkvæmdastjóri NPA og Halldór Halldórsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lára Björnsdóttir sérfræðingur í velferðarráðuneytinu var ráðstefnustjóri.

22.nóvember 2011. **Málþing: Hjúkrunarheimili framtíðarinnar- heimilisfólk, aðbúnaður, þjónusta.** Í samstarfi við Landsamband eldri borgara, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Erindi fluttu: Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, Ingibjörg Hjaltadóttir, hjúkrunarfræðingur LSH Ágústa Benný Herbertsdóttir, starfsmaður vistunarmatsnefndar höfuðborgarsvæðisins, Gísli Páll Pálsson, forstjóri, Hrönn Ljótisdóttir forstöðumaður og Guðbjörg R. Guðmundsdóttir, samskiptafulltrúi. Lokaorð flutti Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landsambands eldri borgara. Fundarstjórar voru Ásta Möller, forstöðumaður og Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri.

Viðauki 2. Birtar greinar í vef tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla 7. árg. 2011.

Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorið 2011, 7. árg., 1. tbl.

1. **The European Citizens' Initiative. Transnational Democracy in the EU at last?** Maximilian Conrad, Assistant Professor, University of Iceland.
2. **The USA's (Non-) Basing Strategy in the 2000s: A reappraisal.** Alyson JK Bailes, aðjúnkt við Stjórnsmálafræðideild, Háskóli Íslands.
3. **Stjórnvald í mótun. Drög að forsögu Seðlabankans.** Helgi Skúli Kjartansson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.
4. **Tjaldað til einnar nætur. Uppruni bráðabirgðastjórnarskrárinnar.** Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, Reykjavíkurakademíunni.
5. **Stefnumótun í íslenskum skipulagsheildum.** Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, Runólfur Smári Steinþórsson prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Helgi Gestsson lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.
6. **A Global Civilian Power? The Future Role of the European Union in International Politics.** Bedrudin Brljavac, M.Sc. in European Politics, Lund University og Maximilian Conrad, Assistant Professor, University of Iceland.
7. **Glögg er gests augað, eða hvað?** Þórhallur Guðlaugsson dósent við Viðskiptafræðideild Háskóli Íslands og Elísabet Eydís Leósdóttir MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum.
8. **Samkeppnishæfni íslenska kvikmyndaiðnaðarins.** Konráð Pálmason MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum og Friðrik Eysteinnsson aðjúnkt í Viðskiptafræðideild Háskóli Íslands.
9. **Viðbrögð tengslanets við gagnrýni á fjármálastöðugleika Íslands.** Þróstur Olaf Sigurjónsson, lektor, Háskólinn í Reykjavík, David Schwartzkopf, dósent, Bentley University og Auður Arna Arnardóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.
10. **Iceland and Cyber-threats: Is it more than fear of fear?** Jón Kristinn Ragnarsson, specialist in cyber-threats and Alyson Bailes, Adjunct professor at the University of Iceland.
11. **The Nordic States and Agenda-Setting in the European Union: How Do Small States Score?** Gunnhildur Lily Magnúsdóttir, Assistant Professor at the Department of Global Political Studies at Malmö University og Baldur Þórhallsson, Jean Monnet Professor of Political Science at the University of Iceland.

Almennar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorið 2011, 7. árg., 1. tbl.

1. **Þegar Rumsfeld lokaði Keflavíkurstöðinni.** Björn Bjarnason, fyrrv. ráðherra.
2. **Greining á úrslitum kosningar til stjórnlagabings 27. nóvember 2010.** Þorkell Helgason, stærðfræðingur.
3. **Umbætur á stjórnsýslunni í kjölfar hrunsins – Betri stjórnhættir með samhæfðri stjórnsýslu.** Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í umbóta- og hagræðingarmálum í fjármálaráðuneytinu.
4. **Til varnar hagræðinni.** Þórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands.

Bókadómar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorið 2011 7. árg., 1. tbl.

1. **Sjálfstæð þjóð. Trylltur skríll og landráðalýður** eftir Eirík Bergmann, bókadómur eftir Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur og MA í alþjóðasamskiptum.
2. **Rosabaugur yfir Íslandi** eftir Björn Bjarnason, bókadómur eftir Ólaf Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík.
3. **Sovét Ísland** eftir Þór Whitehead. Bókadómur eftir dr. Stefaníu Óskarsdóttur, stjórnmálafræðingur.

Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar haustið 2011, 7. árg., 2. tbl.

1. **Party cohesion in the Icelandic Althingi.** Gunnar Helgi Kristinsson professor in political science, University of Iceland.
2. **Verðtryggðir samningar- saga þeirra og eiginleikar.** Helgi Tómasson, dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands.
3. **Allocation of Fishing Harvest Rights in Iceland and Norway-the Development since 1990.** Helgi Gretarsson, Law Institute of the University of Iceland.
4. **Heimild stjórnvalda til að leiðrétta bersýnilegar villur í ákvörðunum sínum samkvæmt 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.** Hafsteinn Dan Kristjánsson, Magister juris

5. **Stórhuga Íslendingar: Forsaga og upphaf íslenskrar þróunarsamvinnu.** Kristín Loftsdóttir prófessor við Háskóla Íslands .
6. **Frá mjúkum yfir í harðar samdráttaraðgerðir á vinnumarkaði-Sveigjanleiki fyrirtækja og stofnana í kjölfar hruns.** Arney Einarsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík og Auður Arna Arnardóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík.
7. **Íslensk þjóðmenning í ljósi menningarvidda Hofstede.** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Svala Guðmundsdóttir, adjúntk við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
8. **Barneignir erlendra kvenna á Íslandi: Skipulag þjónustu, menningarhæfni og þjónandi forysta.** Birna Gerður Jónsdóttir, ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur MS, fæðingadeild Landspítala, Dr. Sigrún Gunnarsdóttir, lektor, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir, lektor námsbraut í ljósmóðurfræði, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.
9. **Fátækt, fötlun og velferð.** James G. Rice nýdoktor, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Háskóla Íslands og Rannveig Traustadóttir prófessor í fötlunarfræði og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, Háskóla Íslands.
10. **Árangursstjórnun með samstarfi og þátttöku. Lærdómur af yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga.** Óskar Dýrmundur Ólafsson, Framkvæmdastjóri Vesturgarðs og MPA frá Háskóla Íslands.
11. **Policy performance and satisfaction with democracy.** Eva Heiða Önnudóttir, doctoral student in political science, Mannheim University og Ólafur Þ. Harðarson, professor of political science and Dean of the School of Social Sciences, University of Iceland.
12. **Réttarumhverfi félagasamtaka á Íslandi.** Hrafn Bragason, fv. hæstaréttardómari, og Ómar H Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands.
13. **Félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að velferðarmálum á Íslandi.** Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands og Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Háskóla Íslands.
14. **Icelandic public pensions: Why time is running out.** Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.
15. **Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum.** Margrét Vala Kristjánsdóttir, dósent við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, Kristín Haraldsdóttir sérfræðingur við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, adjúntk við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Almennar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar haustið 2011, 7. árg., 2. Tbl

1. **Food Security in Iceland.** Alyson J. K. Bailes, adjúntk við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands and Orri Jóhannsson, MA í alþjóðasamskiptum
2. **Sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins.** Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur
3. **Fjarfundir í íslenskri stjórnsýslu-Tæknileg draumsýn eða raunhæfur kostur?** Ingveldur Tryggvadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, MPM

Bókadómar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar haustið 2011 7. árg., 2. tbl. 2011

1. **Þingræði á Íslandi, samtíð og saga** eftir Ragnheiði Kristjánsdóttur o.fl. Bókadómur eftir Bryndísi Hlöðversdóttur, lögfræðing og rektor Háskólans á Bifröst.
2. **Ríkisfang: Ekkert** eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur. Bókadómur eftir Davíð Loga Sigurðsson, sagnfræðing.
3. **Ísland og ESB** eftir Tómas Inga Olrich. Bókadómur eftir Björn Bjarnason, fv. ráðherra.
4. **Icesave samningarnir, afleikur aldarinnar?** eftir Sigurð Má Jónsson, Bókadómur eftir Svavar Halldórsson, stjórn málafræðing og MPA.
5. **Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá** í ritstjórn Olgu Guðrúnar Árnadóttur. Bókadómur eftir Dr. Gyðu Margrétu Pétursdóttur, adjúntk í kvenna- og kynjafræðum við Stjórn málafræðideild HÍ.
6. **Þræðir valdsins: Kunningjavelði, aðstöðubrask og hrun Íslands** eftir Jóhann Hauksson. Bókadómur eftir Silju Báru Órnadóttur, adjúntk við Stjórn málafræðideild HÍ.
7. **Röðinn í austri. Alþýðuflokkurinn, Komintern og kommúnistahreyfingin á Íslandi 1919-1924** eftir Snorra G. Bergsson. Bókadómur eftir Kjartan Emil Sigurðsson, stjórn málafræðing.